

1872.

25. maí.

## 62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um andvirði fyrir strandað skip.

Með bréfi, dagsettu 1. marzm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað ávísanir bæði uppá verzlunarfélög hér í bænum og aðalféhirzluna til 4,905 rd. 77 sk., sem er andvirði þess, sem seldist á uppboði á hinu strandaða skipi „Elisabet“ frá Kaupmannahöfn og farmi þess, og jafnframt um leið og þér getið þess, að þér sendið dómsmálastjórninni upphæð þessa, sökum þess að þér hafið eigi getað gjört út um, hvernig skipta ætti fenu milli þeirra, sem í hlut ætti, hafið þér borið upp þá spurningu, hvernig eptirleiðis skuli fara með andvirði þess, sem bjargast af skipstrandi, að frádregnum kostnaði, þegar svo standi á sem hér, að útgjörðarmaður skips, sem strandar, sè eigi hinn sami sem eigandi farmsins á skipinu, og þá sèrílagi, hvort þér megið borga andvirðið til útgjörðarmannsins, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 14. septbr. f. á., <sup>1)</sup> þótt eigandi farmsins hafi tilkall til nokkurs hluta af því.

Jafnframt og vèr getum þess, að fyr nefndir 4905 rd. 77 sk. eru borgaðir hlutaðeigendum samkvæmt skaðajöfnuði, sem sýndur hefir verið stjórnarráðinu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það þykir réttast, þegar efasamt er, hvernig skipta eigi andvirði strands milli þeirra, sem í hlut eiga, að borga ekki neitt af því, fyr en farið verður eptir löglega tilbúnum skaðajöfnuði eða jafnaðarskrá, og skal þá beinlínis greiða þeim, sem hlut eiga að máli, það, sem hver þeirra hefir tilkall til.

## 63. Konungleg Auglýsing um að konungur sè kominn heim aptur. (á Íslenzku og Dönsku).

25. maí.

Vèr Christian hinn Níundi, o.s.frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunn-

<sup>1)</sup> Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 217.

1872.  
25. maí. gjörum Vær hërmeð Vorum kærnu og trúu þegnum, að Vær höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vær með Vorri konunglegu auglýsingu 18. nóvbr. f. á., samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinzi Christian Frederik Vilhelm Carl.

28. maí. **64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.**

Það skal hërmeð tilkynnt Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og að í dag hefir verið hlutast til um, að fè þetta verði greiðt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðalfèhirlu ríkisins.

4. júní. **65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um sending herskips til Íslands frá Englandi.<sup>1)</sup>**

Eptir að utanríkisstjórnin samkvæmt tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafði látið hinn konunglega danska sendiherra í Lundúnum, herforingja *Bilow*, leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að England hefði nokkra tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands, hefir hún nú skýrt frá, að henni hafi borizt skýrsla um það, að enska stjórnin ætli útaf

<sup>1)</sup> Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 237—39.